




23. febrúar 2024

Fyrirtæki í rafiðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum


Stjórnendur fyrirtækja í rafiðnaði innan Samtaka rafverktaka áætla að ráða þurfi 800 rafvirkja á næstu fimm árum. Stjórnendurnir segja að skortur á starfsfólki hafi heft vöxt fyrirtækja í greininni á síðustu árum. Samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins segjast 67% stjórnenda fyrirtækja í rafiðnaði að erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk hafi heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum. Ekki nema 13% segja að svo hafi ekki verið og 16% segja hvorki né.

Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum?



■ Já ■ Hvorki né ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf þíns fyrirtækis litið til næstu fimm ára?




■ Já ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara

Samtök iðnaðarins telja að litið til næstu ára sé ljóst að vandræði blasa við varðandi misræmi milli færniþarfur fyrirtækja og þess hvað innlent menntakerfi nær að anna. Samkvæmt könnuninni segja 35% stjórnenda fyrirtækja í rafiðnaði að innlent menntakerfi muni ekki mæta færniþörf þeirra fyrirtækis litið til næstu fimm ára. 47% segja hins vegar að innlent menntakerfi muni mæta þessari færniþörf og 18% segjast ekki vita það eða vilja ekki svara.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Outcome þurfa fyrirtæki í rafiðnaði að ráða 940 manns á næstu fimm árum. Af þeim þarf greinin 800 rafvirkja eða um 160 á ári. Þetta er nokkuð meira en sá fjöldi rafvirkja sem


Áætluð árleg þörf fyrir rafvirkja og fjöldi útskrifaðra með sveinspróf á ári



hefur á síðustu árum lokið sveinsprófi en að jafnaði hafa 142 lokið slíku prófi á ári síðustu fimm árin. Ljóst er að fjölga þarf menntuðum rafvirkjum sem ljúka sveinsprófi á næstu árum ef mæta á færniþörf greinarinnar. Að öðrum kosti er viðbúið að skortur á starfsfólki muni áfram hefta vöxt í rafiðnaði.

Heildarfjöldi starfandi í rafiðnaði var 2.600 á síðastliðnu ári samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands og hefur þeim fjölgað um ríflega þúsund yfir síðustu tíu ár. Greinin er afar mikilvægur hluti byggingariðnaðar hér á landi og byggist starfsemi hennar fyrst og fremst á menntuðu starfsfólki í rafiðngreinum. Fjöldi starfandi í rafiðnaði var rétt um 14% af heildarfjölda starfandi í byggingariðnaði á síðasta ári. Gangi áætlanir stjórnenda eftir þarf greinin að ráða 720 á næstu fimm árum til að mæta vexti greinarinnar og 220 til viðbótar í stað þeirra sem hætta sökum aldurs. Samanlagt þarf greinin því að ráða 940 á næstu fimm árum líkt og áður sagði og af þeim þurfa 800 að vera rafvirkjar. Gangi þetta eftir verður heildarfjöldi starfandi í greininni orðin 3.320 árið 2028.

Fjöldi starfandi í rafiðnaði



Aðspurðir um hvaða sérfræðiþekkingu fyrirtækinu vanti á næstu fimm árum segja stjórnendur fyrirtækjanna að fyrst og fremst sé þörf á hæfum og reynslumiklum rafvirkjum. Þurfa þessir aðilar að geta sinnt ýmsum ólíkum störfum innan greinarinnar á borð við forritun hússtjórnarkerfa, iðnstýringar, mótorstýringar, hraðabreyta, smáspenna s.s. fjarskipta-, bruna- og öryggiskerfi, stýritækni, ljósleiðara, netkerfi, hönnun rafkerfa, verkefni í iðnaði og skipum, bilanaleit og ýmsu öðru sem kemur að afldreifingu og rafbílahleðslu. Þá vantar einnig verkfræðinga og fólk með aðra sérþekkingu.


Mikil þörf er á innviða- og íbúðauppbyggingu hér á landi litið til næstu ára. Það er m.a. tengt væntanlegum orkuskiptum og endurnýjun á flutningskerfi raforku í landinu. Samtök iðnaðarins telja líklegt að þörfin fyrir rafvirkja verði mun meiri en niðurstöður könnunarinnar sýna ef farið verður í full orkuskipti á næstu árum líkt og stjórnvöld stefna að.

Heildarfjöldi starfsfólks þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni er í dag 872. Niðurstöður könnunarinnar sýna að fyrirtækin sjá fram á að þurfa að ráða 241 á næstu fimm árum til að mæta vexti og 74 til viðbótar í stað þeirra sem fara á eftirlaun. Í heild eru þetta því 315 sem stjórnendur fyrirtækjanna sjá fyrir sér að þurfi að ráða af þessum ástæðum á næstu fimm árum. Út frá þessu er ofangreind færniþörf greinarinnar m.a. metin.

Af þeim 872 sem starfa hjá þeim fyrirtækjum sem þátt tóku í könnuninni eru 600 eða 69% fullmenntað rafiðnaðarfólk. Af þeim er erlent rafiðnaðarfólk 75 eða tæplega 9%. Nemar sem starfa hjá fyrirtækjunum í könnuninni eru 139 eða nær 16%.

Könnunin var unnin af Outcome fyrir Samtök iðnaðarins í janúar til febrúar 2024. Innan fyrirtækjanna sem þátt tóku í könnuninni starfa um 34% af heildarfjölda starfandi í greininni og náði könnunin til fyrirtækja innan Samtaka rafverktaka sem skilgreind eru sem fyrirtæki í rafiðnaði samkvæmt ISAT staðli Hagstofu Íslands.

Starfsfólk í rafiðnaði
Niðurstöður spurningakönnunar



■ Fullmenntað rafiðnaðarfólk ■ Nemar ■ Aðrir